



Áveitan

7. tbl. 19. árgangur. Júlí 2026

Reiðtúr Umf Þjótanda

Um miðjan júlí stendur Ungmennafélagið Þjótandi fyrir sínum árlega ungmennafélagsreiðtúr.

Lagt verður af stað frá malargryfjunum við Merkurlaut. Ferðinni er svo heitið yfir hraunið og með fram ánni að Flóðgáttinni.

Að venju býður ungmennafélagið upp á grillaðar pylsur og svaladrykki.

Ferðin verður nánar auglýst með stuttum fyrirvara á Facebooksíðu félagsins þegar veðurspá er hagstæð. Endilega fylgist með og fjölmennið.



Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Pistill sveitarstjóra



Kæru íbúar og aðrir lesendur

Sumarið hefur farið vel af stað í Flóahreppi og síðustu vikur hafa verið viðburðaríkar. Mikil gróska er í öllum gróðri og allt í fullum blóma.



Fjör í Flóa fór fram um miðjan maí og heppnaðist afar vel. Góð þátttaka og skemmtileg dagskrá endurspegladi þann kraft og samheldni sem einkennir samfélagið okkar.

Þjóðhátíðardagurinn 17. júní var haldinn hátíðlegur á útivistarsvæði Þjótanda í Einbúa með glæsilegri dagskrá. Fyrr um daginn heimsótti sveitarstjóri íbúa Flóahrepps sem eru 90 ára og eldri og færði þeim glaðning frá sveitarfélaginu.

Andrea Björk Olgeirsdóttir í Syðri-Gróf var fjallkona dagsins. Hún flutti ljóðið Skógarpröstur eftir Magnús Sigurðsson frá Kinnastöðum, langa- langaafa sinn. Sigurjón Reynisson á Hurðarbaki flutti ræðu nýstúdents.

Umhverfisverðlaun Flóahrepps fyrir árið 2026 voru veitt og var það formaður allsherjar- og samgöngunefndar Flóahrepps sem veitti þeim. Umhverfisverðlaunin hlaut Guðný Ingvarsdóttir í Glóru III. Guðný hefur lagt mikinn metnað í umhverfi í kringum íbúðarhús sitt og hefur tekist vel til við að blanda saman nýjum og gömlum tíma.

Ketill Ágústsson frá Brúnastöðum leiddi líflegan fjöldasöng og nýstofnaður kvennakór Flóahrepps kom fram í fyrsta sinn.

Í lok dagskrár bauð Flóahreppur upp á afmæliskökur í tilefni af 20 ára afmælis sveitarfélagsins.

Ungmennafélagið Þjótandi, sveitarfélagið og kvenfélög

Villingaholtshrepps og Hraungerðishrepps sáu um skipulag og utanumhald á hátíðardagskrá og eru þeim eru færðar kærar þakkir.

Það eru miklar framkvæmdir í Flóahreppi þessa dagana.

Íbúðabyggð við Þingborg (1. áfangi)

Framkvæmdir eru langt komnar og stýttist í að hægt verði að úthluta lóðum. Búið er að leggja fráveitu- vatns- og hitaveitulagnir ásamt raflögnum og ljósastaurar komnir á sinn stað. Þessa dagana er verktaki að klára að flytja efsta malarlag í vegi og jafna út mold. Framundan eru svo framkvæmdir við að koma hreinsistöð á sinn stað og malbika götur og steypa kanta. Hverfið verður ákjósanlegur staður fyrir nýja íbúa. Stutt í leikskóla, þjónustu og fallega náttúru.

Þjórásarver

Endurnýjun klæðningar er vel á veg komin og er ásýnd hússins að verða allt önnur en fyrri klæðning var farin að láta á sjá. Einnig var farið í að rífa niður gamla járngríðingu fyrir framan húsið sem bætir ásýnd enn frekar.

Viðbygging við Flóaskóla

Undirbúningur er í fullum gangi og jarðvinna hefst von bráðar. Framundan er að afmarka og girða af vinnusvæðið og gera aðkomuveg að vinnusvæðinu. Viðbyggingin verður um 700 fermetrar á tveimur hæðum. Stefnt er að því að framkvæmdatíminn sé um tvö ár og að hægt verði að nýta nýja viðbyggingu í upphafi skólaárs 2028-2029. Bygging skólahúsnæðis er dýr framkvæmd og má gera ráð fyrir að fullbúin bygging kosti í kringum 500 milljónir.

Körfuboltavöllur við Flóaskóla

Unnið er að undirbúningi malbikunar á nýjum velli en jarðvinna var unnin í fyrra. Körfur af eldri velli verða nýttar áfram og tveimur körfum til viðbótar bætt við. Einnig stendur til að setja girðingu í kringum völlinn.

Áhaldahús í Heiðargerði 1

Búið er að gefa út byggingaleyfi fyrir 240 fermetra áhaldahús á

lóð sveitarfélagsins í Heiðargerði 1. Unnið er að vali á verktaki skv. Verðkönnun við að slá upp og steypa plötu ásamt því að reisa húsið. Húsið er límtréshús frá H. Haukssyni.

Aðgengismál á skrifstofu sveitarfélagsins

Verið er að undirbúa breytingar á skrifstofu sveitarfélagsins til að koma á aðgengi fyrir alla. Í breytingum felst að koma lyftu fyrir hjólastóla og laga annað aðgengi þannig að allir geti sótt þjónustu á skrifstofu sveitarfélagsins. Stefnt er að því að mesta raskið tengt framkvæmdunum fari fram á meðan á sumarlokun stendur en ljóst að eitthvað frekara rask verður fram í ágúst vegna breytinganna. Það mun þó ekki hafa áhrif á opnunartíma eftir auglýsta sumarlokun.

Innviðir við Hamarsveg

Framundan eru styrkingarframkvæmdir hjá Rarik og vatnsveitunni sem munu bæta þjónustu og rekstraröryggi á svæðinu. Leggja á loftlínu í jörð meðfram Hamarsvegi og neðan við Villingaholt. Samhliða framkvæmdum við Hamarsveg verður farið í endurnýjun á stofnlögn í vatnsveitunni á þeim slóðum.

Önundarholtsvegur

Vegagerðin hefur boðið framkvæmd við lagningu bundins slitlags út og stendur til að þeirri framkvæmd ljúki í haust. Uppbygging á þessum vegi er mikilvægt skref í uppbyggingu samgangna í sveitarfélaginu en betur má ef duga skal og er mikilvægt að Vegagerðin setji meiri kraft í uppbyggingu á helstu vegum innan sveitarfélagsins og sinni góðu viðhaldi á vegum til að auka umferðaröryggi okkar allra.

Vinnuskólinn kominn af stað

Vinnuskóli Flóahrepps er kominn á fullt undir stjórn verkstjóranna Ólafar Völu Heimisdóttur og Þórunnar Sturludóttur Schacht. Ungmenninn í sveitarfélaginu leggja þar sitt af mörkum við fegrun og viðhald sem skilar sér í bættri ásýnd og dýrmætri starfsreynslu fyrir ungu kynslóðina.

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður þann 9. júlí kl. 17:00 í Þingborg. Athygli er vakin á því að sveitarstjórn sam-

þykkti á fundi sínum þann 16. Júní að fella niður hefðbundinn fund þann 7. júlí og halda í stað þess aukafund 9. júlí. Efni sem óskað er eftir að verði tekið fyrir á þeim fundi þarf að berast eigi síðar en á hádegi mánudaginn 6. júlí.

Skrifstofa sveitarfélagsins verður lokuð vegna sumarleyfa frá og með 13. júlí og opnar aftur þriðjudaginn 4. ágúst.

Verkefnin framundan eru mörg og spennandi eins og sjá má. Við hlökkum til að sjá framkvæmdir taka á sig endanlega mynd og sjá áframhaldandi öflugt samfélag blómstra.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir frá 17. júní og frá framkvæmdum við íbúðabyggð og Þjórsárver.

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri



**LEIKJAKVÖLD
ÞJÓTANDA**

**Leikjavöld verða í boði í sumar,
annars vegar fyrir krakka í 1.-6.bekk
(fædd 2014-2019) og hins vegar fyrir
7.bekk og eldri (2013 og eldri).
Æfingar hefjast 7.júlí.**

Yngri æfingar - Þriðjudögum kl: 19:30-20:30
Eldri æfingar - Miðvikudögum kl: 20-21/21:30

Þjálfarar eru Guðmunda, Hanna Dóra og Helgi



FLÓAHREPPUR





Unglingalandsmót UMFÍ

verður haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina,
30. júlí - 2. ágúst 2026.

Mótið er íþrótt- og fjölskylduhátíð þar sem 11 - 18 ára þátttakendur reyna með sér í um 20 íþróttagreinum. Alla daga mótsins verður boðið upp á fjölbreytta afþreyingu, leiki og skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Mótið er frábær hátíð fyrir fjölskylduna og hvetjum því alla að skella sér norður um Versló.

Þáttökugjald er 11.900 krónur.

Við hvetjum þjótandafólk til að fjölmenna á mótið.

Nánari upplýsingar og skráningarform er að finna á
www.ulm.is

Athugið

Næsta Áveita verður aðeins seinna á ferðinni en
vanalega vegna sumarleyfa.

Hún kemur út þriðjudaginn 4. ágúst nk.

Allt efni þarf að berast ritstjórum fyrir 3. ágúst.

Úrslit móta

Héraðsleikar HSK - 4. júní 2026 - Laugarvatni

Ernir Rafn Eggertsson

60m hlaup - 11,61sek - 7.sæti PB
Kúluvarp - 6,77m - 2.sæti PB

Ragnheiður Erla Eggertsdóttir

60m hlaup - 14,90sek - 14.sæti PB
400m hlaup - 2:38,54sek - 13.sæti PB
Skutlukast - 1,45m - 17.sæti PB
Langstökk - 3,56m - 16.sæti PB

Albert Jóhannesson Kovařík

60m hlaup - 13,15sek - 15.sæti PB
400m hlaup - 1:55,70mín - 14.sæti PB
Skutlukast - 7,83m - 17.sæti PB
Langstökk - 2,57m - 7.sæti PB



Aldursflokkamót HSK - 15.-16. júní á Selfossvelli

Héðinn Fannar Höskuldsson

Langstökk - 3,95m - 3.sæti PB
Spjótkast - 14,89m - 4.sæti PB
600m - 2:08,42mín - 2.sæti PB
Kúluvarp - 8,73m - 1.sæti PB
60m - 9,34sek - 2.sæti
Hástökk - 1,20m - 3.sæti PB

Lilja Reynisdóttir

Spjótkast - 11,40m - 3.sæti PB
Langstökk - 3,35m - 5.sæti PB
600m - 2:15,39mín - 4.sæti PB
Hástökk - 1,05m - 5.sæti PB
60m - 10,06sek - 4.sæti PB
Kúluvarp - 6,69m - 3.sæti PB

Guðbjörg Erla Annýjardóttir

80m - 13,64sek - 3.sæti PB
Langstökk - 3,20m - 3.sæti PB

Ottó Ingi Annýjarson

Hástökk - 1,20m - 5.sæti PB
80m grindahlaup - 18,80sek -
3.sæti PB
60m - 12,92sek - 4.sæti PB
Spjót kast - 19,52m - 4.sæti PB
Langstökk - 3,22m - 4.sæti PB

Kristján Reynisson

Hástökk - 1,28m - 4.sæti PB
Kúluvarp - 7,90m - 2.sæti PB
600m - 2:08,10mín - 2.sæti PB
80m - 12,30sek - 3.sæti PB
Spjót kast - 24,66m - 3.sæti PB
Langstökk - 3,78m - 3.sæti

Boðhlaupssveit Þjótanda - Krist-

ján, Ottó, Guðbjörg og Héðinn

4x100m - 1:03,98mín - 2.sæti PB



Meistaramót Íslands 15-22 ára **19.-21.júní á Akureyri**

Helgi Reynisson

Hástökk - 1,72m - 3.sæti
Stangarstökk - 3,80m - 2.sæti
Langstökk - 5,72m - 1.sæti PB
100m - 12,64sek - 10.sæti

ÞJÓTANDA FATNAÐUR



Nú er loksins hægt að kaupa Þjótandafatnað á netinu beint frá
Jako Sport.

Þjótandi hefur aukid úrvalið af íþróttafatnaði merktum
félaginu.

Vekjum sérstaka athygli á nýjum keppnisbol félagsins.
20% afsláttur af öllum Þjótandavörum 1. – 8. júlí.



Sjá auglýsingu á næstu síðu.



JAKO
SPORT ÍSLANDI



TILBOÐSDAGAR UMF ÞJÓTTANDA!



01.07 – 08.07



GILDIR AÐEINS Á JAKOSPORT.IS

VERÐ Á
MERKINGUM

Stórt Nafn/númer
1.500 kr.

Litið nafn/númer
1.000 kr.



Hálfrennd peysa
þjótandi

kr. 7.200 – kr. 8.000

-20% AFSL.



Heilrennd hettupeysa
þjótandi

kr. 8.000 – kr. 9.600

-20% AFSL.



Æfingabuxur One
þjótandi

kr. 7.200 – kr. 8.000

-20% AFSL.



Æfingabuxur One
Kvensnið þjótandi

kr. 8.000

-20% AFSL.



Keppnistreyja Retro
UMF þjótandi

kr. 7.600 – kr. 8.000

-20% AFSL.



Regnjakki þjótandi

kr. 12.000

-20% AFSL.



Hárband þjótandi

kr. 2.000

-20% AFSL.



Sokkar Sport hvítir – 3
pukka

kr. 2.400

-20% AFSL.



Bakpoki m/skóhólfí
þjótandi

kr. 5.600

-20% AFSL.



Stuttbuxur þjótandi

kr. 3.200

-20% AFSL.



ÖLL TILBOÐ Á
JAKOSPORT.IS



Tilboðið gildir frá 01.07 til 08.07



JAKO
SPORT ÍSLANDI



KRÓKHÁLS 5 F



JAKO
SPORT ÍSLANDI

Frá Landsmóti 50+

Víða eru þjótandamenn að gera garðinn frægan. Tveir bræður og frændi þeirra fóru norður að Hrafnagili í lok júní og kepptu þar í ýmsum greinum frjálsíþrótta á Landsmóti UMFÍ 50+.

Þetta voru þeir Sigmundur Stefánsson frá Arabæ og bræðurnir Markús Kr. og Jón M. Ívarssynir frá Vorsabæjarhóli. Þeir kepptu allir í aldursflokknum 74-79 ára.

Helstu afrek þremenninganna voru:

Sigmundur:

Kúluvarp 3. sæti 6,26 m

Spjótkest 2. sæti 14,90 m

Lóðkast 3. sæti 6,82 m

Markús Kr.:

100 m hlaup 3. sæti 24,65 sek

Kúluvarp 5. sæti 4,11 m

Lóðkast 2. sæti 6,82 m

Jón M.:

Hástökk 2. sæti 1,00 m

Kúluvarp 2. sæti 7,38 m

Lóðkast 1. sæti 8,42 m

Spjótkest 3. sæti 13,04 m

Þrístökk án atr. 1. sæti 5,12 m



Kapparnir gerðu sér lítið fyrir og sigruðu þrefalt í lóðkasti.

Með fylgir mynd af verðlaunahöfunum í lóðkasti.

Með bestu kveðju

Jón M. Ívarsson

Gönguferðir 60 +

Gönguferðir 60+ íbúa og brottfluttra verða á hverjum miðvikudegi í sumar kl 18:00.

Í júlímánuði verða göngurnar á eftirfarandi stöðum:

- 1. júlí Ganga með Gísla og Jónínu á Stóru-Reykjum
- 8. júlí Ganga með Kollu og Steina í Kolsholti
- 15. júlí Ganga með Kristínu og Óla á Hurðarbaki
- 22. júlí Ganga með Hildi í Efri-Gegnishólum
- 29. júlí Ekki komin staðsetning – verður auglýst síðar í mánuðinum

Verum dugleg að mæta og hreyfa okkur í sumar.

Dagskrá mánaðarins:

Tilboð á Þjótandafatnaði	1. - 8. júlí
Gönguferð 60 + Stóru-Reykir	1. júlí
Leikjakvöld yngri	7. júlí
Leikjakvöld eldri	8. júlí
Gönguferð 60 + Kolsholt	8. júlí
Fundur sveitarstjórnar	9. júlí
Skrifstofa Flóahrepps lokuð v/sumarleyfa	13. júlí - 4. ágúst
Leikjakvöld yngri	14. júlí
Leikjakvöld eldri	15. júlí
Gönguferð 60 + Hurðarbak	15. júlí
Reiðtúr Umf Þjótanda	Um miðjan júlí
Leikjakvöld yngri	21. júlí
Leikjakvöld eldri	22. júlí
Gönguferð 60 + Efri-Gegnishólar	22. júlí
Leikjakvöld yngri	28. júlí
Leikjakvöld eldri	29. júlí
Gönguferð 60 +	29. júlí
Unglingalandsmót á Sauðárkróki	30. júlí - 2. ágúst